

## 8. gr.

Rísi ágreiningur milli félagsmanna innbyrðis eða milli félagsmanna og stjórnar, sker gerðardómur úr, er sé þannig skipaður að hvor málsaðili tilnefnir sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra oddamann.

## 9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, og geta þau varðað sektum frá 500—5000 kr., ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

## 10. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmatum aðalfundi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja breytinguna, og sé í fundarboði skýrt frá að breytingin komi fram á fundinum, enda komi staðfesting landbúnaðarráðuneytisins til.

## 11. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði hægt að ná takmarki því, er félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynist á, að ókleift eða illkleift þyki að halda félagsskapnum áfram.

## 12. gr.

Að öðru leyti en því er þessi samþykkt nær til er félagið háð ákvæðum vatnalaga frá 20. júní 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. maí 1967.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 159  
20. sept. 1962.**

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, er taka gildi 1. janúar 1968, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962.

1. Uppsagnarfræstur kjarasamninga samkvæmt 7. gr. framlengist til 1. september 1967.
2. Fræstur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. október 1967.
3. Fræstur aðila samkvæmt 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. nóvember 1967.

4. Frestur Kjaradóms samkvæmt 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni fram-  
lengist til 1. desember 1967.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi  
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1967.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

Hjálmar Vilhjálmsson.

19. maí 1967.

Nr. 84.

## **REGLUGERÐ**

**fyrir Vatnsveitu Ölfushrepps, Þorlákshöfn.**

### **1. gr.**

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns  
á því svæði, er hún nær yfir.

### **2. gr.**

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast  
öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og  
umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera  
þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

### **3. gr.**

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir,  
svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu  
eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja  
vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

### **4. gr.**

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Ölfushrepps í Þorlákshöfn,  
skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja  
upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

### **5. gr.**

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og  
láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal  
sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband  
við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem  
hún telur tryggan.

### **6. gr.**

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á  
vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum  
eða viðgerðar á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tók eru á.  
Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.